

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1985

2. apríl 1985

11

Nr. 5

LÖG

um breyting á lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum
og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. tl. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur teljast hafðar á boðstólum á dreifingarstað
sé þær þar að finna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Mathías Bjarnason.

2. apríl 1985

LÖG

Nr. 6

um breyting á lögum nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómssvalds í
héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsg. 3. gr. laganna orðist þannig:

Við borgarfégetaembættið skulu vera fimm til átta borgarfégetar eftir ákvörðun
dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgarfégeti sem jafnframt er forstöðumaður
embættisins.

2. gr.

2. málsg. 7. gr. laganna orðist þannig:

Við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu skulu, auk þess dómara, starfa einn til fimm dómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

4. málsg. 7. gr. laganna orðist þannig:

Við embætti bæjarfógetans í Keflavík, Grindavík og Njarðvík og sýslumannsins í Gullbringusýslu, við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu, svo og við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, getur dómsmálaráðherra heimilað að auk þeirra dómara starfi einn eða tveir dómarar við hvert þessara embætta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2.–6. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Um meðferð áfengis í skipi, er kemur frá útlöndum, vörslu þess eða innsíglun, fer samkvæmt ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.